



VERKFÆRAKISTA

fyrir kennara

BE-CHILD KENNSLUSTUNDIR EFNISYFIRLIT



1. VINUR MINN RANNSÓKNARLÖGREGLAN




2. FRÍÐARBORÐIÐ



3. HJÁLPARHENDUR



4. SÝNDU MÉR FIMM



5. TILFINNINGAR-BINGÓ



6. SKÓGURINN OKKAR




7. SKYNJUNARSTÍGUR



8. NÚVITUND



9. TILFINNINGATRÉ



10. HRÓS



11. TILFINNINGALEGU AUGNABLIKIN MÍN



12. LEIKANDI TILFINNINGAR

BE-CHILD KENNSLUSTUNDIR


EFNISYFIRLIT



13. KÆRLEIKSSTEINAR



14. GÓÐ EÐA SLÆM ÁKVÖRDUN



15. SAMEIGINLEGT SKÝLI



16. MÆLABORÐ TILFINNGA MINNA




17. HREYFINGAR TJÁNINGAR OG SKÖPUNAR



18. SVUNTA SÖGUMANNSINS



19. KIVA LEIKUR



20. HVAÐ ÆTTI ÉG AÐ GERA?



21. SJÓNRÆNT KERFI - SJÁLFSMAT



22. BLUE-BOT OG SAMVINNA



23. TALNING MEÐ KÓÐUN



24. TILFINNINGAHRINGEKJA



SKÓGURINN OKKAR

FÉLAGS- OG TILFINNINGAFÆRNIÞÁTTUR

- ☐ sjálfsálit
- ☐ sjálfstraust
- ☐ sjálfsvitund
- ☐ tilfinningaleg greind
- ☐ samstaða
- ☐ virðing fyrir fjölbreytileikanum
- ☐ hópavinna/samvinna

ALDURSHÓPUR

LEIKSKÓLI

YNGSTA STIG GRUNNSKÓLA

FJÖLDI KENNARA

1

FJÖLDI BARNNA

15-20

STAÐSETNING

INNANDYRA

TÍMALENGD

40 MÍNÚTUR

KENNSLUSTUND NR. 6 EINSTAKLINGS- OG FÉLAGSPROSKI

TENGILIÐIR

LAND: Sofia, BULGARIA

ÞÁTTTAKANDI: Regional Centre for the
Support of the Process of Inclusive Education

NETFANG: narubg@abv.bg

VEFSÍÐA: <https://rcsf.bg>

EFNI SEM ÞARF

Við þurfum að prenta út eitt blað með tré á fyrir
hvern nemanda og útvega penna eða blýant. Við
verðum að prenta svarthvítt blað ef við ætlum að
biðja nemendur um að lita tréð, eða við getum
prenta út litað blað.

Lítill spil með myndum eða orðum með
persónulegum eiginleikum sem hægt er að festa
upp á tréð.

SAMETNING STUNDARINNAR

Fyrsta stig - einstaklingspróun

Börn útbúa sín eigin styrktartré, skrifa orð eða
líma styrkleikaspjöld á tréð.

Annað stig - félagsþroski

Börn festa trén sín á vegg til að búa til „skóg í
skólafestunni“. Síðan „ganga“ börn sem hópur í
gegnum skóginn og skoða einstök tré. Eftir
nokkrar mínútur fá börnin sér sæti. Að lokum eru
börnin beðin um að deila því sem þau hafa lært
um styrkleika félaga sinna. Það er gott að ræða
hvernig mismunandi styrkleikar skapa mun
sterkari hóp (og fallegri skóg); hvernig stærri tré
vernda og hjálpa þeim smærri að vaxa. (Sagan af
yfirlætisfuru - <https://www.az-deteto.bg/gordelivoto-bortche/11483/view.html>,
dæmi á búlgörsku).



Co-funded by the
Erasmus+ Programme
of the European Union



KENNSLUSTUND NR. 6 SKÓGURINN OKKAR

MARKMIÐ OG KOSTIR

Markmið stundarinnar er að þekkja og viðurkenna styrkleika sína og skapa sjálfsvitund. Börn munu búa til persónulegt styrkleikatré sem undirstrikar einstaka styrkleika þeirra. Börn þurfa að þekkja eigin líkamlega og persónulega eiginleika, vera meðvituð um í hverju þau eru góð. Verkefnið mun hjálpa þeim að þróa og einblína á ýmsa færni eins og sjálfssálit, tilfinningalega meðvitund, sjálfsvirkni og fleira.

Og á öðru stigi (valfrjálst) verður hverju tré bætt við styrkleikaskóg barnanna, sem sýnir kraft og fjölbreytileika hópsins.

Markmið: Með því að búa til persónulegt styrktartré munu börnin:

- endurspegla styrkleika hvers og eins
- hugsa um hvenær þau hafa notað styrkleika sína
- íhuga hvaða jákvæðu áhrif hafa átt sér stað þegar þau nota sterku færni sína og þegar sameiginlegir hæfileikar allra barnanna eru nýttir.

ÁSKORANIR

Kennarar verða að gæta þess að hvetja ekki til samanburðar þar sem það getur fengið börn til að hlæja að öðrum eða forðast aðra út frá eiginleikum þeirra. Viðurkenning á fjölbreytileika á að fara fram án dóma, í virðingarfullu umhverfi.

ÁÆTLUÐ ÁHRIF

Börn munu geta:

- hugleitt þeirra eigin styrkleika;
- skilið að allir hafa sína styrkleika og fjölbreytni;
- skilið hvernig sterkt samfélag myndast;
- leitað aðstoðar og stuðnings;
- deilt (deila saman).

UPPÁSTUNGUR OG TILLÖGUR

Hægt er að sameina stundina með ítarlegum umræðum um styrkleika einstaklingsins almennt og þann stuðning sem hann fær frá foreldrum, kennurum og vinum.



Co-funded by the
Erasmus+ Programme
of the European Union





ACTIVITY N. 7 EINSTAKLINGS- ÞROSKI

TENGILIÐIR

LAND: Italy, Rome

ÞÁTTTAKANDI: Opera Nazionale Montessori
Complesso Cardinal Ragonesi Montessori
School - Viterbo

NETFANG: segreteria@montessori.it

HEIMASÍÐA: www.montessori.it

SKYNNJUNARSTÍGUR

EFNI SEM ÞARF

- ☐ Viður
- ☐ Sandur
- ☐ Mjúkir steinar
- ☐ Gras
- ☐ Hey
- ☐ Vatn
- ☐ Viðarbörkur
- ☐ Þægileg föt

SAMSETNING STUNDARINNAR

Það mikilvægasta er undirbúningur skynjunarleiðarinnar sem verður að vera vel skipulagður í samræmi við ytra umhverfi sem er til staðar.

Röð skynjunarefna verður líka að vera vel ígrunduð: viltu búa til leið frá sléttustu til grófari efna? Allt frá blautustu efnum til þeirra þurrustu? Eða viltu gefa skynjun eftir andstæðum hinna ýmsu efna?

Sem undirbúningsverkefni fyrir skynjunarstígin er gott fyrir börn að æfa sig í mjög stöðugri göngu á sporöskjulaga vír á jörðinni (sjá gömlu myndina).

Börn byrja að ganga hægt, setja allan fótinn á línuna og taka eðlileg skref. Smám saman stytta börnin skrefin þar til þau ganga að lokum með því að snerta hæl fótans með tá hins. Fóturinn ætti alltaf að vera beint á línunni, bakið beint og höfuðið hátt.

FÉLAGS- OG TILFINNINGAFÆRNIPÁTTUR

- ☐ persónuleg vellíðan
- ☐ sjálfsálit
- ☐ sjálfstraust
- ☐ sjálfsvitund
- ☐ tilfinningaleg greind
- ☐ sjálfsvirðing
- ☐ samhygð

ALDURSHÓPUR LEIKSKÓLI

FJÖLDI KENNARA
1

FJÖLDI BARNNA
6

LOCATION
OUTDOOR

DURATION
20 MINUTES



Co-funded by the
Erasmus+ Programme
of the European Union



KENNSLUSTUND NR. 7 SKYNNUNARSTÍGUR



UPPÁSTUNDUR OG TILLÖGUR

- ☐ Ef þú ert ekki með stórt útirými eða vilt fara berfætta skynjunarstíginn á miklum rigningar- og kuldatímabilum ársins, með útfærslum er einnig hægt að gera það innandyra, með því að setja mismunandi skynjunarefni í trébakka.

Svo getur hvert barn haldið á hlut í hendinni á meðan það gengur (til dæmis bjöllu) í takt við mismunandi tónlist. Síðar geta börnin gengið á múrsteinsröð sem afmarkar garð eða á teppisbrún.

Hægt er að útvíkka skynjunarstíginn fyrir berfætta með því að ræða við börn um mismunandi skynáferð og efni sem þau ganga á. Síðar er hægt að útvíkka umræðuna með því að tala um skynjunareiginleika eins og heitt, kalt, mjúkt, beitt, gróft, slétt, seigfljótandi, rakt efni o.s.frv.

MARKMIÐ OG KOSTIR

- ☐ Að vera berfættur er gott fyrir skynjunarsamþættingu, fótstyrk, ilþroska. Fæturnir eru taugaríkasti hluti mannslíkamans, sem þýðir að þeir stuðla að tengingu taugaferla í heilanum.
- ☐ Berfættar skynjunargöngur hjálpa börnum að þróa hreyfifærni, jafnvægi, samhæfingu augna og handa og rýmisvitund.
- ☐ Berfættar skynjunargöngur gera þér kleift að nota skynfærin til að tengjast umhverfi þínu á dýpri hátt með því að auka athygli þína á hlutum og einbeitingu á þróun athafnarinnar.

ÁSKORANIR

Stundum vilja börn halda upplifuninni áfram endalaust þökk sé fallegu líkamlegu og andlegu skynjunum sem skynjunarbrautin losar um.

ÁÆTLUÐ ÁHRIF

Samfélagsrými þar sem börn geta þróað nýja færni með gagnlegum og friðsælum skynjunarathöfnum á grundvelli vitsmunalegs og tilfinningalegs einbeitingarferlis.



Co-funded by the
Erasmus+ Programme
of the European Union





TILFINNINGATRÉ

FÉLAGS- OG TILFINNINGAFÆRNIPÁTTUR

- ☐ persónuleg vellíðan
- ☐ sjálfsálit
- ☐ tilfinningaleg greind
- ☐ sjálfstæði
- ☐ seigla

ALDURSHÓPUR LEIKSKÓLI

FJÖLDI KENNARA 1-2

FJÖLDI BARNNA 14-20

STAÐSETNING INNANDYRA

TÍMALENGD 15-20 MÍNÚTUR

KENNSLUSTUND NR. 9 EINSTAKLINGS- ÞROSKI

TENGILIÐIR

LAND: Prague, CZECH REPUBLIC

ÞÁTTTAKANDI: Schola Empirica

NETFANG: info@scholaempirica.org

VEFSÍÐA: www.scholaempirica.org

HEIMILDIR:

Havrdová E., Vyjnanoková K. eds, Good Start: Evidence Based Strategies for Pre-School Teachers, Prague: Schola Empirica, 2016, ISBN: 978-80-905748-4-7

Egle Havrdova, Ph.D. and co-authors, Good Practice Guide to Inclusive Pre-School Education in the Czech Republic, England, Slovakia and Wales, Prague: Schola Empirica, 2015, ISBN 978-80-905748-2-3

EFNI SEM ÞARF

- ☐ Korktafla með tré á og myndir af börnunum/táknum þeirra
- ☐ Broskarlar/brosandi andlit (spjöld).

SAMSETNING STUNDARINNAR


„Tré tilfinninga“ verður sett upp í stofunni og á hverjum morgni festa börnin broskarl á sína mynd/tákn á trénu (sjónrænt getur tréð verið með „eplum“ og táknum sem tákna hvert barn). Úrval broskarla getur verið hefðbundið grænt, gult og rautt, en getur einnig innihaldið líðan eins og sorg, reiði o.s.frv. Kennari tekur á móti börnum á morgnana, hjálpar þeim að finna mynd/tákn og ræðir við þau um hvers vegna þeim líði eins og þeim líður á þessari stundum. Á daginn geta börnin sjálfstætt komið upp að trénu og skipt um broskarl ef líðan hefur breyst. Kennari getur aftur rætt við börnin, hvað varð til þess að þau breyttu broskallinum og hvers vegna þeim líður öðruvísi.



Co-funded by the
Erasmus+ Programme
of the European Union



KENNSLUSTUND NR. 9 TILFINNINGATRÉ



UPPÁSTUNGUR OG TILLÖGUR

Mikilvægasta forsendan er að ræða skap og tilfinningar við börn til að hjálpa þeim að skilja hvað vekur þessar tilfinningar og hvers vegna þau bregðast svona við í mismunandi aðstæðum. Í gegnum þetta ferli læra börn að þekkja og takast á við eigin tilfinningar og tilfinningar annarra.

MARKMIÐ OG KOSTIR

Börn læra hvað tilfinningar eru, læra að lýsa þeim og lýsa aðstæðum sem tengjast þessum tilfinningum. Ung börn tjá oft ekki tilfinningar sínar en það er mjög mikilvægt að viðurkenna að þau verða fyrir miklum áhrifum af því sem er að gerast í lífi þeirra utan leikskóla. Jafnaldrar, en ekki síður kennarar, þurfa að vera meðvitaðir um líðan og vandamál sem börn koma með í leikskólann að heiman til að hjálpa þeim að takast á við neikvæðar tilfinningar.

ÁSKORANIR

Í upphafi trúðu kennarar ekki að lítil börn myndu þekkja tilfinningar eða geta talað um þær. Venjulega voru tilfinningar/líðan ekki sem hluti af námskrá í tékkneskum leikskólum. Kennarar þurftu að læra að nálgast þetta efni með börnum og þurftu einnig að læra að þekkja tilfinningar barna, auk þess að tala við börn um eigin tilfinningar.

ÁÆTLUÐ ÁHRIF

Börn læra að þekkja mismunandi tilfinningar og upplifa hvernig tilfinningar geta haft áhrif á líf þeirra. Þeir læra líka hvernig á að takast á við tilfinningar á sama tíma og þeir lýsa þeim aðstæðum sem vekja þær. Þannig þróa börn með sér tilfinningalega færni, sem er lykilatriði fyrir námsárangur þeirra í framtíðinni.



Co-funded by the
Erasmus+ Programme
of the European Union





KÆRLEIKSSTEINAR

KENNSLUSTUND NR. 13 EINSTAKLINGS- ÞROSKI

TENGILIÐIR

LAND: Iceland, Krókur

ÞÁTTAKANDI: Heilsuleikskólinn Krókur

NETFANG: krokur@skolar.is

HEIMILDIR:

<https://www.upledger.com/>

[https://www.youtube.com/watch?](https://www.youtube.com/watch?v=oUDr2CRsMYy)

[v=oUDr2CRsMYy](https://www.youtube.com/watch?v=oUDr2CRsMYy)

EFNI SEM ÞARF

- ☐ Steinar sem passa í lófa barns
- Barn gefur sér þann tíma sem það þarf með steininn (yfirleitt um 5-15 mínútur)

SAMSETNING STUNDARINNAR

Margir steinar (sem passa í lófa barna) eru geymdir í skál eða poka. Í upphafi eru steinarnir kynntir fyrir börnunum í hóptíma. Kennarinn segir börnunum að þau geti valið stein til að setja í lófann ef þau eru sorgmædd, reið, hrædd (eða önnur tilfinning sem lætur þeim líða illa). Þau geta settið einhvers staðar á rólegum stað með steininn á meðan þau eru að vinna úr tilfinningum sínum. Þau setja steininn í lófann, setja hina hendina yfir og loka augunum og hugsa um eitthvað fallegt, þá líður þeim betur. Ef þau eru pirruð eða reið er gott að fá stein í lófann, setjast niður og anda að sér gleði og anda út pirringnum og fanga fallegar hugsanir. Kennarinn kennir börnunum líka að þegar þau sitja með stein geti þau sagt fallega hluti við sjálf sig, eins og: Ég elska sjálfan mig, ég er frábær, ég er góður vinur, ég nota hendur og fætur til að gera góða hluti, ég er hjálpsamur.

FÉLAGS- OG TILFINNINGAFÆRNIPÁTTUR

- ☐ persónuleg vellíðan
- ☐ sjálfsálit
- ☐ sjálfsvitund
- ☐ tilfinningaleg greind
- ☐ sjálfstæði
- ☐ seigla

ALDURSHÓPUR LEIKSKÓLI

FJÖLDI KENNARA 1

FJÖLDI BARNNA 1-10

STAÐSETNING INNANDYRA

TÍMALENGD 30-40 MÍNÚTUR



Co-funded by the
Erasmus+ Programme
of the European Union



KENNSLUSTUND NR. 13 KÆRLEIKSSTEINAR



UPPÁSTUNGUR OG TILLÖGUR

Við höfum notað kærleikssteina í mörg ár í skólanum okkar. Eldri börnin (4-6 ára) hafa aðgang að steinum á sinni deild og geta fengið stein þegar þau vilja. Þegar börnin útskrifast úr skólanum okkar fá þau sinn eigin stein í gjöf og við vitum að ein stelpa notaði hann þegar hún byrjaði í grunnskóla. Hún var með hann í vasanum og gat teygst sig í hann og haft hann í lófanum þegar hún fann fyrir kvíða.

Stefnan er að börn nái stjórn á tilfinningum sínum og fái/nái meiri sjálfstyrkingu. Hægt er að nota steinana til að vinna úr tilfinningum, ná ró og hlýju. Þeir geta líka hjálpað börnum að taka stjórn, hugsa jákvæðar hugsanir og auka sjálfstraust þeirra. Börnin verða sjálfstæðari og sjálfsmeðvitaðri þegar þau skilja eigin tilfinningar og hafa verkfæri til að hjálpa þeim að vinna með þessar tilfinningar.

MARKMIÐ OG KOSTIR

Ávinningurinn er sá að með því að hafa tæki eins og kærleikssteina fá börn stjórn á tilfinningum sínum og læra að þau þurfa ekki að treysta á einhvern annan til að hjálpa þeim þegar þau verða tilfinningaþrungin. Börn þróa með sér seiglu, þau öðlast sálrænan styrk til að takast á við streitu og erfiðleika; þau öðlast tilfinningagreind. Þau gera sér grein fyrir að þau geta verið sjálfstæð þegar þau hafa verkfæri sem þau geta notað hvenær sem þau vilja.

ÁSKORANIR

Kennarinn þarf að kenna börnunum í upphafi að steinarnir eru ekki leikföng til að leika sér með. Þannig að ef börnin kjósa að sitja einhvers staðar á rólegum stað með steininn á meðan þau eru að vinna úr tilfinningum sínum verða þau að skila steininum aftur þegar þau vilja fara að leika sér.

ÁÆTLUÐ ÁHRIF

Væntingar eru um að börnin fái langtíma verkfæri til að byggja upp og viðhalda sjálfstæði, sjálfsvitund og persónulegri vellíðan.



Co-funded by the
Erasmus+ Programme
of the European Union





SAMEIGINLEGT SKÝLI

FÉLAGS- OG TILFINNINGAFÆRNIPÁTTUR

- ☐ jákvæð og uppbyggjandi samskipti
- ☐ samstaða
- ☐ deila viðhorfi
- ☐ samningaviðræður
- ☐ lausn ágreinings
- ☐ hópavinna/samvinna

ALDURSHÓPUR LEIKSKÓLI

FJÖLDI KENNARA 1

FJÖLDI BARNA 4-12 (4 SAMAN Í HÓPI)

STAÐSETNING INNANDYRA

TÍMALENGD 30 MÍNÚTUR

KENNSLUSTUND NR. 15 FÉLAGSPROSKI

TENGILIÐIR

LAND: Tallin, Estonia

ÞÁTTTAKANDI: Tallinna Lasteaed Pallipõnn

NETFANG: palliponn@la.tln.edu.ee

EFNI SEM ÞARF

- ☐ Stórir kubbar
- ☐ Tepp
- ☐ Púðar
- ☐ Kassar

SAMSETNING STUNDARINNAR

Í upphafi leiks sitja börn í hring með efnivið sem þau fá fyrir skýlið.

Með hjálp kennarans ræða börnin hvað er skýli, til hvers það er notað. Einnig hvað þarf til að byggja skýli og af hvaða ástæðu (t.d. þak, veggir, gluggar).

Börnin fá síðan bakgrunnssögu – 4 göngumenn voru á göngu í skóginum með eigin búnað. Börnin eru nú göngumennirnir. Nóttin kom, það byrjaði að rigna og þau þurfa skjól fyrir nóttina.

Skýlið þarf að vera með hurð, 2 glugga, þak og allir eiga að passa inn í það.

Sem hópverkefni þurfa börnin að leysa það, vinna saman með efniviðinn sinn og ganga úr skugga um að skýlið uppfylli kröfurnar.

Verkinu lýkur með umræðum þar sem börn deila reynslu sinni. Kennarinn spyr leiðandi spurninga "Hvaða erfiðleikum lentuð þið í?", "Hvað pirraði ykkur?", "Hvað gekk vel?" o.s.frv



Co-funded by the
Erasmus+ Programme
of the European Union



KENNSLUSTUND NR. 15 SAMEIGINLEGT SKÝLI



MARKMIÐ OG KOSTIR

Samvinna – börn þurfa að skipta með sér hlutverkum, leysa verkefni og vinna saman.

Samningahæfileikar – þau verða að hlusta á hvert annað og finna bestu lausnir á vandamálum sem koma upp.

Samstaða – þau verða að taka eftir liðsfélögum sínum, virða óskir þeirra

ÁSKORANIR

Það fer eftir persónuleikum barnanna í hópnum hversu erfitt getur verið fyrir hópinn að byrja að eiga samskipti sín á milli.

Sum börn gætu búist við of miklu af kennaranum við að leysa vandamálin sem koma upp og vilja að hann segi börninum hvernig eigi að byggja skýlið.

ÁÆTLUÐ ÁHRIF

Börn byrja að uppgötva samvinnuhæfileika, tala saman, leysa ágreining og komast að góðri niðurstöðu.

UPPÁSTUNGUR OG TILLÖGUR

Við leggjum til við hlutverkaskiptingu að kennarinn taki tillit til mismunandi persónuleika barnanna og búi til hópa þannig að öll börn fái hóflegar félagslegar áskoranir.



Co-funded by the
Erasmus+ Programme
of the European Union





SVUNTA SÖGUMANNSINS

FÉLAGS- OG TILFINNINGAFÆRNIPÁTTUR

- ☐ samhygð
- ☐ samstaða
- ☐ deila viðhorfi
- ☐ jákvæð og uppbyggjandi samskipti
- ☐ virðing fyrir fjölbreytileikanum
- ☐ lausn ágreinings

ALDURSHÓPUR LEIKSKÓLI

FJÖLDI KENNARA
1

FJÖLDI BARNNA
21

STAÐSETNING
INNANDYRA

TÍMALENGD
25 MÍNÚTUR

KENNSLUSTUND NR. 18 FÉLAGSPROSKI

TENGILIÐIR

LAND: Iasi, ROMANIA

ÞÁTTTAKANDI: KINDERGARTEN P.P., n. 25

NETFANG: emma.rotundu@yahoo

EFNI SEM ÞARF

- ☐ Svunta sögumannsins
- ☐ Púðar
- ☐ Sögubækur
- ☐ Trélitir
- ☐ Hvít blöð

SAMSETNING STUNDARINNAR

Kennari býður börnunum að sitja í hálfhring á mjúkum og þægilegum púðum. Til að ná athygli barnanna mun kennarinn nota sögu með persónum sem þeir elska mest: dýrin.

Unnið verður að 5 þáttum félags- og tilfinningaþroska barna: sjálfstrausti, þrautseigju, skipulag, skilning og seiglu.

Það verður útskýrt fyrir börnunum hvað það þýðir að vera þrautseigur eins og skógarbjörninn; sjálfsöruggur sem fugl; skipulagður sem köttur; skilningsríkur sem hundurinn; seigur sem hestur.

Með því að nota sögusvuntuna mun kennarinn eiga frjálts samræður við börnin þar sem algerlega allir eru hvattir til að taka þátt.

5 fiðrildi með 5 þáttunum eru fest við svuntuna. Börnin munu teikna eitt fiðrildi í einu og síðan verður þeim kennt nokkur atriði um hvað þátturinn þýðir: skilningsríkur (bíða eftir að röðin komi að þeim sem skilyrði til að fá það sem þau vilja án þess að rífast, haga sér fallega við aðra, virða reglusemi hópsins, leika vel saman), skipulagður (hvernig börn geta náð árangri og gert hlutina eins vel og hægt er), seigur (börn muna eftir atburðum sem gerðu þau sorgmædd og hamingjusöm), þrautseigur (að pakka hlutum sem þú spilaðir þó þú vildir það ekki, halda áfram að púsla, fara sjálfur í og úr skóm), sjálfsöruggur (sitja með beint bak, horfa í augun á þeim sem þú ert að tala við, reyna að gera hlutina af kappi án þess að spyrja kennarann um hjálp, að prófa nýja hluti án þess að óttast að mistakast).



Co-funded by the
Erasmus+ Programme
of the European Union



KENNSLUSTUND NR. 18

SVUNTA

SÖGUMANNINS



UPPÁSTUNGUR OG TILLÖGUR

Það er mikilvægt að minnast á að þessi stund heppnaðist mjög vel, jafnvel þó að mörg börn hafi sýnt erfiðleika sem leiddu af sér slaka reynslu - skort á siðferðislegum ágóða.

Til að auðga þessa upplifun mælum við með því að nota ýmsar leiðir: að skoða listaverk, sýna myndskreytingar, kynna inn í leikinn sett af leikföngum með tilfinningalegu innihaldi;

Ef nauðsyn krefur, lestu söguna aftur.

Börn eru hvött til að lýsa viðbrögðum sínum (hvað þeim finnst, hvað þau gera). Jákvæðu og neikvæðu hliðarnar við viðbrögðunum verða skoðuð með börnunum með því að skoða einnig hugsanlegar afleiðingar. Varðandi óviðeigandi viðbrögð verða börn hvött til að finna sem flesta viðeigandi valkosti. Síðan er börnunum boðið að taka að sér hlutverk kennarans og með svuntu sögumannsins hefja viðræður við hin börnin; dæmi um raunverulegar aðstæður eru notuð sem fyrirmynd þar sem börnin samsama sig einum af 5 þáttunum sem kynntir eru hér á undan.

Í lok verkefnisins eru börnin spurð hverju ofangreindra dýra þau vilji líkjast og hvers vegna. Börnin munu einnig reyna að teikna sjálfsmynd sína.

MARKMIÐ OG KOSTIR

1. Auðga getu til að þekkja tilfinningar vina
2. Að örva jákvæðar tilfinningar, fræða anda vináttu; að efla færni rétttrar og rökrænnar tjáningar í einföldum og þróuðum setningum

ÁSKORANIR

Smá átök milli barna: í hvaða röð þau tóku þátt í stundinni - hvernig eitt barn sá annað, heyrði í því og svaraði tillögum þess.

ÁÆTLUÐ ÁHRIF

- ☐ Hlutleysing á neikvæðum tilfinningum barnsins, með því að: mynda jákvæða eiginleika og tilhneigingar, nýjar hvatir og þarfir
- ☐ Auðgandi tilfinningaupplifun
- ☐ Að öðlast nauðsynlegar forsendur til að vera meðvitaður um persónulegar tilfinningar
- ☐ Að tileinka sér viðeigandi aðferðir til tilfinningalegrar stjórnunar og í kjölfarið ákjósanlegra samband við aðra



Co-funded by the
Erasmus+ Programme
of the European Union



ATHUGIÐ: Þetta skjal er útdráttur úr
"Be-CHILD Educational Toolkit for early
childhood education educators"

[HTTPS://BECHILD.HI.IS/](https://bechild.hi.is/)



Co-funded by the
Erasmus+ Programme
of the European Union



Þetta verkefni hefur verið styrkt með stuðningi frá framkvæmdastjórn Evrópusambandsins. Þessi útgáfa endurspeglar aðeins skoðanir höfundar og framkvæmdastjórnin getur ekki borið ábyrgð á hvers kyns notkun sem kann að vera gerð á upplýsingum sem hér er að finna.